

## Lestrarfélag Hríseyjar/Hríseyjarhrepps

Afhending 2022/11

Lestrarfélag Hríseyjar var stofnað skömmu eftir aldamótin 1900. Elsta bók sem Héraðsskjalasafninu hefur borist frá félaginu byrjar 1912 og inniheldur ársreikninga félagsins. Miðaða við ársreikninga voru félagsmenn milli 20-30.

Árið 1938/39 var sett á laggirnar nefnd til að endurreisa félagið eftir að það hafði legið í dvala. Átti að flytja bækur félagsins í húsnæði barnaskólans í Hrísey. Einnig átti að hreinsa og laga bækur félagsins, ekkert varð úr því og var talað um að brenna bækurnar. Ástæðan var sú að árið 1936 hafði geysað taugaveiki í þorpinu, bækurnar komist í hendur sjúklinga og óttaðist fólk smit. Árið 1940 voru bækurnar seldar til Akureyrar.

Þann 17. nóvember 1942 var Lestrarfélagið stofnað upp á nýtt og var Júlíus Oddsson útgerðarmaður kosinn formaður. Samkvæmt 2. grein laga félagsins var tilgangur þess að „[...] sjá hreppsbum fyrir nægum og góðum bókum til lesturs yfir vetrarmánuðina, til skemmtunar og fróðleiks.“ Fyrsta árið var félagsgjaldið 10 krónur. Í upphafi voru meðlimir 65, ári seinna hafði þeim fækkað um helming og var árgjaldið hækkað í 20 krónur á mann.

1943 gekkst Lestrarfélagið fyrir fjársöfnun innan eyjunnar. Fyrir það fé, framlag frá hreppnum og styrk frá því opinbera, voru keyptar bækur og í árslok var bókaeignin 140 titlar. Árið 1946 lést Júlíus Oddsson og eftir það var dofnaði mjög yfir starfi félagsins. Engir fundir voru haldnir hjá félaginu 1944-1971 ef fundargerðarbók félagsins er höfð til vitnis um félagsstarfið.

Í gegnum árin stóðu húsnæðismálin félaginu fyrir þrifum. Til að mynda kemur fram í fundargerð félagsins árið 1976 að hreppsnefndinni hafi verið skrifað bréf og farið fram á útbætur í húsnæðismálum bókasafnsins. Þá var aðstaðan eitt herbergi í barnaskólanum, sem var alltof lítið og bókakosturinn var farinn „að flæða um ganga skólans“.

Árið 1990 var félagið enn starfandi og voru bækur þess geymdar í barnaskólanum í Hrísey. Óljóst er hvernig, hvenær og/eða hvort Lestrarfélagið var formlega lagt niður en það lognaðist út af með tíð og tíma. Eftir sameiningu Hríseyjarhrepps og Akureyrarbæjar árið 2004 heyrir bókasafn Hríseyjar undir Amtsbókasafnið á Akureyri og er safnið í Hríseyjarskóla.

Afhendingin barst með öðrum skjölum sem skjalaverðir Héraðsskjalasafnsins náðu í út í Hrísey á vormánuðum 2022. Aðrar afhendingar frá Lestrarfélagi Hríseyjar/Hríseyjarhrepps eru 799, 2010/82 og 2015/6.

Héraðsskjalasafnið á Akureyri  
20. febrúar 2023

Katrín Björg Þórisdóttir  
Skjalavörður

## Geymsluskrá

2022 / 11

---

**Skjalaf. Askja Örk Tímabil Efni****A - Lestrarfélag Hríseyjar, almennt****A - Lestrarfélag Hríseyjar, almennt****1978 - 2010**

A	1	1	1993 - 1998	Bókalistar
A	1	2	2003 - 2010	Listi yfir bækur um einelti (2003); ársskýrsla um almenningsbókasöfn (2010)
A	1	3	1978 - 2002	Bók með fundargerðum 1978-1982 og gestalista frá opunardegi bókasafns í nýjum húsakynnum (2002)